

SAMPYKKT

37

23. febr.

um lokun sölubúða í Sandgerði í Gullbringusýslu.

1. gr.

Sölubúðum í Sandgerði skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Á tímabilinu 1. janúar til 31. maí ár hvert, skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis, og ekki opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag.

Á tímabilinu 1. júní til 31. desember ár hvert, skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis, og ekki opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Á laugardögum skal sölubúðum þó lokað eigi síðar en kl. 12.30 e. m. Aðfangadag jóla og gamlársgdag skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 1 e. m.

Síðasta virkan dag fyrir jól skal heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 12 á miðnætti.

3. gr.

Almenna helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og 1. desember mega engar sölubúðir vera opnar, sbr. þó. 4. gr.

4. gr.

Brauða- og mjólkurbúðum, sem starfræktar kunna að verða, má halda opnum á dögum þeim, sem nefndir eru í 3. gr. kl. 10 til 12 árdegis, en eingöngu til sölu á mjólk, mjólkurafurðum og brauðum.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða, er óheimilt að selja á strætum og torgum eða annars staðar utan sölubúða, verzlana, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja kol, oliur, salt, veiðarfæri og vistarforða handa skipum. Sömuleiðis er leyfilegt að taka á móti innlendum vörum aðkomumanna í geymsluhúsum verzlana.

6. gr.

Þá, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

7. gr.

Sýslumanni er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga, og til þess að sala fari fram í góðgerðaskyni, eða ágóða fyrir stofnanir og fyrirtæki, sem að hans dómi horfa til almenningsheilla.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 50 til 500 krónum, og renna sektirnar í sveitarsjóð Miðneshrepps. Mál út af brotum á samþykkt þessari skulu rekin sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Miðneshrepps, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

37 Jafnframt eru úr gildi felld öll áður útgefin leyfi, sem fela í sér annan lokunar-
23. febr. tíma sölubúða í Miðneshreppi, en um getur í samþykkt þessari.

Félagsmálaráðuneytið, 23. febrúar 1948.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

38 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningar- og verðlaunasjóð dr.
26. febr. phil. Jóns Ófeigssonar yfirkennara“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af
dómsmálaráðherra 26. febr. 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningar- og verðlaunasjóðs dr. phil. Jóns Ófeigssonar yfirkennara.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af nokkrum lærissveinum og vinum Jóns Ófeigssonar og til minningar um hann. Stofnfé nemur kr. 20000.00.

2. gr.

Verkefni sjóðsins er að verðlauna beztu prófframmistöður við Menntaskólann í Reykjavík. Til verðlaunanna má verja allt að $\frac{3}{4}$ hlutum af árlegum vöxtum. Minnst $\frac{1}{4}$ hluti ársvaxtanna leggst árlega við sjóðinn til eflingar honum, auk þess sem sjóðurinn veitir móttöku þeim upphæðum, er menn vildu í hann leggja til minningar um Jón Ófeigsson eða til að styðja verkefni sjóðsins eins og skipulagsskráin greinir. Fyrsta veiting úr sjóðnum skal fara fram í sambandi við vorprófin vorið 1948.

3. gr.

Veita skal einungis ein verðlaun úr sjóðnum meðan upphæð sú, er veita má, eigi nemur meiru en kr. 500.00. Skulu þau veitt þeim stúdent, er lýkur hæsta stúdentsprófi frá skólanum vor hvert. Hafi tveir stúdentar eitthvert vor jafnháa aðal-einkunn, skal sá stúdent hljóta verðlaunin, sem hefur hærri einkunn í þýzku, en hafi þeir jafnháa einkunn í þýzku, skiptast verðlaunin milli þeirra.

4. gr.

Þegar upphæð sú, er veita má, nemur kr. 500.00, skal veita tvönn verðlaun. Önnur verðlaunin, kr. 500.00, skulu veitt eins og segir í 3. gr., en hin verðlaunin, það sem umfram er kr. 500.00 upp í kr. 1000.00, skulu veitt þeim nemanda Menntaskólans, sem hæsta aðaleinkunn hlýtur við vorpróf í skólanum. Hafi tveir eða fleiri nemendur jafnháar hæstu einkunnir, sker einkunn í þýzku úr um, hver nemandinn hlýtur verðlaunin — sbr. 3. gr. —, en skeri þýzku einkunn ekki úr, eða nemandur hafi ekki haft þýzku til prófs, skiptast þau verðlaun.

5. gr.

Þegar upphæð sú, er veita má, nemur yfir kr. 1000.00, skal veita þrenn verðlaun. Veitast tvönn þeirra eins og að framan greinir, en þriðju verðlaunin, það sem umfram er kr. 1000.00 upp í kr. 1500.00, skulu veitt stúdent, sem bezt er að sér í þýzkri